



# Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

## Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa febrúar 2006

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

### Fundur 7. febrúar 2006

Vatnsveita, búið er að kaupa og setja upp rennislloka og þrýstiminnkara á vatnsveitulögn. Ef kerfið er lokað er hægt að fá allt að 7 kg. þrýsting. Óskað verður eftir frest til styrkveitingar vegna byggingar vatnstanks.

Sameinigarmál við Þórshöfn. Oddvita var gefin heimild til að semja við þingmenn og ráðherra á grundvelli áður framkominna tillagna um sameiningu Þórshafnar og Skeggjastaðahrepps. Samþykkt samhljóða.

Bréf barst frá Menntamálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um styrk vegna íslenskukennslu útlendinga að upphæð 150.000 kr.

Bréf barst frá slökkviliðsstjóra vegna húsnæðis slökkviliðsins sem hann telur algjörlega óviðunandi.

Athugað hefur verið með að fá sjálfvirkt hjartastuðtæki til Bakkafjarðar. Við þá athugun kom í ljós að Rauði kross Íslands ætlaði að afhenda Bakkfirðingum slíkt tæki fyrir rúmi ári síðan en verið tjáð af fulltrúa RKÍ á Bakkafirði að enginn væri til þess að veita tækinu móttöku og það varð ekkert úr því þá. Unnið verður að því að fá tæki þrátt fyrir það sem á undan er gengið.

Samþykkt var að senda Siglingastofnun bréf vegna frágangs í höfninni.

### Fundur 26. febrúar 2006

11. febrúar sl. fóru Áki Guðmundsson og Björn Ingimarsson sveitarstjóri á Þórshöfn á fund félags- og viðskiptaráðherra einning sátu fundinn Lárus Bollason starfsmaður eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, Elín Pálsdóttir jöfnunarsjóði, Róbert Ragnarsson starfsmaður sameiningarverkefnis og Guðjón Bragason skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytis. Áki skýrði frá gangi mála.

Sameiningarmál við Þórshafnarhrepp, samþykkt samhljóða í hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps að kjósa Áka Guðmundsson og Marinó Jónsson í sameiningarnefnd við Þórshafnarhreppi.